

GERT verkefnið fer ágætlega af stað þetta haustið og eru ýmis verkefni í burðarliðnum, sem nánar verður sagt frá síðar.

Félag fagkvenna eru komnar til liðs við okkur í GERT verkefninu og er það liður í þeirri tilraun að ná einnig til yngstu bekkja grunnskólans með verkefninu. Í Félagi fagkvenna eru konur með sveinspróf, eru á námssamningi eða í námi í iðngreinum. Tilgangur félagsins er að hvetja konur til að sækja nám og störf í iðnaði og þá sér í lagi í karllægum iðngreinum. Þær koma í skóla og halda kynningar fyrir 1.-4. bekk sem taka að jafnaði 40-60 mínútur. Best er auðvitað að hafa tvo til þrjá bekki saman til þess að nýta tímann. Við bjóðum þær hjartanlega velkomnar í hópinn.

Hér eru myndir sem teknar voru í skólaheimsókn félagsins síðast liðið vor, þar sem krakkarnir fengu m.a. að klippa niður ídráttarvír og eiga, en það vakti mikla lukku.







